

Héraðsdómur Reykjaness

Úrskurður 6. júlí 2023

Mál nr. X-2340/2022:

Davíð Þór Ólafsson

(Guðmundur Ómar Hafsteinsson lögmaður)

gegn

Þrotabúi Dísanna ehf

(Einar Oddur Sigurðsson lögmaður)

ÚRSKURÐUR

Mál þetta, sem barst dómnum 29. nóvember 2022, var tekið til úrskurðar 23. maí 2023. Sóknaraðili er Davíð Þór Ólafsson, kt. 000000-0000. Varnaraðili er Þrotabúi Dísanna ehf., kt. 000000-0000, [...]. Skiptastjóri þrotabúsins er Einar Oddur Sigurðsson lögmaður.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær að viðurkennt verði að sóknaraðili eigi almenna fjárkröfu í þrotabúi varnaraðila samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., að fjárhæð 7.000.000. Þá gerir sóknaraðili kröfu um málskostnað úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Þá er gerð krafa um málskostnað úr hendi sóknaraðila.

I

Málsatvik eru þau að með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 14. febrúar 2019 var bú Dísanna ehf., kt. 000000-0000, tekið til gjaldþrotaskipta. Innköllun vegna þrotabúsins var birt fyrsta sinn í Lögbirtingablaði 22. febrúar 2019 og lauk kröfulýsingarfresti 23. apríl 2019. Lýstar kröfur námu samtals 11.911.949 krónum.

Með kröfulýsingu dagsettri 16. apríl 2019 lýsti sóknaraðili kröfu í þrotabúið, en hann mun vera fyrirverandi fyrirsvarsmaður hins gjaldþrota félags. Var kröfunni aðallega lýst sem veðkröfu samkvæmt 111. gr. laga nr. 21/1991 en til vara sem almennri kröfu skv.

113. gr. laganna, að fjárhæð 7.000.000 króna. Var kröfunni lýst á grundvelli veðtryggingabréfs sem hvíldi á fyrsta veðrétti bátsins Róbert [...], skipaskrárnúmer [...]. Nafni bátsins var síðar breytt í Dísanna og fékk þá skráningarnúmerið [...].

Að sögn skiptastjóra mun afrit veðtryggingabréfs hafa fylgt kröfunni. Um hafi verið að ræða handhafabréf, en frumrit bréfsins hafi ekki borist skiptastjóra og því hafi ekki legið fyrir hver rétthafi bréfsins væri. Við skýrslutöku af fyrirsvarsmanni félagsins hjá skiptastjóra hafi þó fengist staðfest að frumrit bréfsins hefði glatast.

Með afstöðubrési 20. febrúar 2020 hafi skiptastjóri hafnað kröfunni að svo stöddu. Mun hann í framhaldinu hafa boðað til kröfuhafafundar til að fjalla um lýstar kröfur sem haldinn var 28. febrúar 2020. Á fundinum hafi verið upplýst að við skipti á búinu hafi eina eign búsins verið krafa félagsins á hendur Verði tryggingum hf. Hafi krafan falist í tilkalli til tryggingabóta samkvæmt bótatilboði sem undirritað hafi verið af hálfu þrotamanns og tryggingafélagsins 29. janúar 2019, eftir að fyrrgreindur bátur hafði brunnið og sokkið í sæ. Mun fjárhæð bótatilboðsins hafa numið 6.000.000 króna. Greindi skiptastjóri á fundinum frá þeirri afstöðu og kröfu þrotabúsins að tryggingabæturnar skyldu greiddar til þrotabúsins, en því hafði verið hafnað af hálfu tryggingafélagsins. Hafi afstaða þess verið sú að það hafi ekki heimild til að greiða bæturnar til þrotabúsins vegna mögulegrar tilvistar handhafaskuldabréfs sem tryggt væri með veði sem næði til tryggingabótanna. Var niðurstaða fundarins á þá leið að lögmaður kröfuhafans Davíðs Þórs Ólafssonar, sóknaraðila máls þessa, myndi höfða eignadómsmál fyrir héraðsdómi til þess að öðlast réttindi samkvæmt veðtryggingabréfinu, og skyldi afstaða skiptastjóra til kröfunnar standa óbreytt þar til niðurstaða fengist í það mál. Í samráði við aðra kröfuhafa búsins var skiptastjóra falið að taka til varna í málinu. Með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands vestra sem kveðinn var upp 26. febrúar 2021 í málinu E-151/2020 var málinu vísað frá dómi á þeim grundvelli að veðtryggingabréfið gæti ekki talist til viðskiptabréfs og því væru ekki fyrir hendi lagaskilyrði til að unnt væri að fella efnisdóm á málið. Úrskurður héraðsdóms var ekki kærður til Landsréttar.

Framangreindar tryggingabætur voru greiddar til þrotabúsins 22. október 2021, samtals 6.000.000 króna.

Með afstöðubréfi skiptastjóra dagsett 26. október sama ár var kröfu sóknaraðila hafnað að fullu með þeim rökstuðningi að óljóst væri á hvaða grundvelli kröfuréttindi hans væru reist. Á kröfuhafafundi 3. nóvember 2021 var afstöðu skiptastjóra til kröfunnar andmælt af hálfu sóknaraðila. Ekki reyndist unnt að jafna ágreininginn og var honum því vísað til héraðsdóms samkvæmt heimild í 171. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. 2. mgr. 120. gr. laganna.

Sóknaraðili gaf aðilaskýrslu fyrir dómi auk vitnisins Marie Helene Rasmusen.

II

Sóknaraðili byggir á því að sannað sé með framlögðum gögnum að hann hafi lagt varnaraðila til verulega fjármuni í formi bátsins Dísanna [...], greiðslna fyrir endurnýjun og viðhald á bátnum og beinna peningagreiðslna. Hafi umræddar greiðslur og ráðstafanir falið í sér lán af hálfu sóknaraðila til varnaraðila sem stofnaði samsvarandi skuld félagsins við hann. Auk framlagðra gagna sé málatilbúnaður sóknaraðila einnig staðfestur í yfirlýsingu meðeiganda sóknaraðila í varnaraðila, Marie Helene Rasmusen. Telur sóknaraðili ljóst að hann eigi kröfu á þrotabú varnaraðila sem nemi skuld félagsins við hann.

Vísað sé til þess að kröfu sóknaraðila hafi verið lýst í þrotabú varnaraðila aðallega sem veðkröfu en til vara sem almennri kröfu samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991. Ágreiningslaust sé að sóknaraðili eigi ekki veðkröfu í þrotabúið og lúti ágreiningur máls þessa þar með einungis að því hvort hann eigi almenna kröfu í búið að fjárhæð 7.000.000 króna.

Sóknaraðili kveðst byggja á því að hann eigi rétt til endurgreiðslu á þeim lánnum sem hann veitti varnaraðila í tengslum við bátinn Dísönnu og rekstur félagsins. Um sé að ræða bókfærðar skuldir félagsins við sóknaraðila sem njóti stuðnings í gögnum máls og framburði vitna. Sóknaraðili kveðst hafa greitt og umrædda fjármuni inn í varnaraðila í góðri trú með það að markmiði að bæta rekstrargrundvöll varnaraðila vegna útgerðar bátsins Dísönnu. Hafi sóknaraðili við þetta eignast bókfærða kröfu á félagið sem hann

hafi lýst í bú þess við gjaldþrotaskiptin. Telur sóknaraðili því að viðurkenna beri kröfuna sem almenna kröfu í búíð.

Kveðst sóknaraðili mótmæla málatilbúnaði varnaraðila hvað varði tilurð og efni krafna hans í búíð. Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi í raun ekki mótmælt því að hann hafi lagt bátinn Dísönnu inn í félagið og greitt fyrir umfangsmiklar endurbætur á bátnum. Vísar sóknaraðili í því sambandi til greinargerðar varnaraðila til Héraðsdóms Norðurlands vestra við meðferð fyrrgreinds máls nr. E-151/2020 en þar segi um umrædda málavaxtalýsingu sóknaraðila: „Í málatilbúnaði stefnanda eru í sjálfu sér ekki mörg atriði sem stefndi gerir athugasemdir við en rétt er þó að nefna að tímalínan í málinu er að mati varnaraðila athyglisverð.“ Sóknaraðili kveðst byggja á því að í yfirlýsingu varnaraðila til héraðsdóms hafi varnaraðili fallist á að sóknaraðili hafi lagt varnaraðila til bátinn Dísönnu sem í bókum félagsins hafi verið metinn á sjö milljónir króna og greitt fyrir endurbætur og viðhald bátsins, sem og greitt allan rekstrarkostnað félagsins. Í raun hafi sóknaraðili því lánað félaginu langt um hærri fjárhæð en dómkröfur hans í máli þessu kveði á um. Telur sóknaraðili varnaraðila bundinn af umræddri yfirlýsingu og afstöðu sinni hvað þetta varði og teljist umræddar ráðstafanir sóknaraðila í þágu félagsins því óumdeildar.

Sóknaraðili kveðst sömuleiðis mótmæla skilningi varnaraðila á texta kröfulýsingar sóknaraðila þess efnis að báturinn Dísanna hafi í heild sinni verið lagður inn sem hlutafé í félagið, eða að ekki megi af kröfulýsingu ráða að lýst hafi verið kröfu vegna láns. Fyrir liggi að hlutafé félagsins sé 500.000 krónur og hefur það ekki sætt hækkun. Þar af sé hlutur sóknaraðila 450.000 krónur og því sé ljóst að eftir standi að minnsta kosti 6.550.000 krónur. Vísar sóknaraðili til þess að líkt og fram komi í kröfulýsingunni hafi myndast skuld við sóknaraðila sem nemi að minnsta kosti þeirri fjárhæð. Sóknaraðili kveðst telja að varnaraðili beri sönnunarbyrði fyrir því að um slíka ofgreiðslu hlutafjár. Sömuleiðis sé kröfunni lýst sem almennri kröfu í búíð og því sé ljóst að sóknaraðili hafi litið svo á að varnaraðili skuldi sér umrædda fjárhæð. Í kröfulýsingunni sé einnig vikið berum orðum að því að skuldin sé tilkomin vegna fjármögnunar sóknaraðila á endurbótum á bátnum. Sé því fullljóst hver sé grundvöllur hinnar lýstu kröfu og uppfylli kröfulýsingin því ótvírætt skilyrði laga nr. 21/1991.

Þá kveðst sóknaraðili mótmæla þeim fullyrðingum varnaraðila að upplýsingar í ársreikningi feli ekki í sér sönnur á skuld við sóknaraðila. Líkt og áður greini liggja fyrir, og sé í raun óumdeilt að mati sóknaraðila, að hvoru tveggja báturinn Dísanna sem og endurbætur á honum hafi verið lagðar inn í félagið. Ársreikningar félagsins eru opinber gögn sem lögð eru inn til yfirvalda og eru grundvöllur skattlagningar. Sóknaraðili kveðst byggja á því að ársreikningur hafi ríkt sönnunargildi um þá þætti sem þar koma fram og löglíkur séu á því að efni þeirra sé rétt. Gildi því sama regla um þá og skattframtöl í skiptamálum. Að mati sóknaraðila beri varnaraðili sönnunarbyrði fyrir staðhæfingum sem fara í bága við þau gögn í samræmi við mat dómstóla á sönnunarbyrði. Kveðst sóknaraðili vísa til þess að ársreikningar feli í sér sönnun á fjárframlögum til félagsins í samræmi við þær fjárhæðir sem þar koma fram, enda hafi varnaraðili ekki sýnt fram á annað. Í raun sé óumdeilt að mati sóknaraðila að hann hafi lagt félaginu til þá fjármuni sem um getur í ársreikningum. Þá sé vandséð að annar en sóknaraðili hafi lagt félaginu til umrædda fjármuni sem um getur í ársreikningum, enda hafi hann verið skráður eigandi bátsins, sem og stjórnarformaður og framkvæmdastjóri og átti 90% eignarhlut í félaginu. Þá voru tekjur félagsins nánast engar. Að mati sóknaraðila hefur hann í öllu falli gert það svo líklegt að hann hafi lagt félaginu til umræddar fjárhæðir að leggja verður á varnaraðila þá byrði að sanna að þær hafi verið greiddar af þriðja aðila.

Þá kveðst sóknaraðili byggja á því að kröfur hans séu ófyrndar, en um peningalán sé að ræða sem fyrnist á tíu árum samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Fyrir liggja að kröfunni var lýst í þrotabúið með kröfulýsingu dagsettri 16. apríl 2019 og þar með var fyrning hennar rofin sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 21/1991. Fram að þeim tíma hafi krafan einnig verið óumdeild og til staðar í bókum félagsins en þá var sóknaraðili fyrirsvarsmaður varnaraðila og því sé fráleitt að gera þá kröfu að hann rjúfi fyrningu gagnvart eigin félagi. Álitur sóknaraðili mótbærur varnaraðila varðandi fyrningu kröfunnar haldlausar.

Sóknaraðili kveðst ennfremur andmæla þeim fullyrðingum skiptastjóra að sóknaraðili hafi nýtt fjármuni félagsins til eigin neyslu, sem koma skuli til frádráttar kröfum hans, enda séu slíkar fullyrðingar ósannaðar. Beri varnaraðili sönnunarbyrði fyrir því að um greiðslur til sóknaraðila hafi verið að ræða. Að sama skapi kveður sóknaraðili slíkar gagnkröfur af hálfu varnaraðila fyrndar, en varnaraðili hafi ekki hlutast til um að hafa

uppi slíkar kröfur á hendur sóknaraðila. Áttu umræddar færslur sér stað á árunum 2011 og 2012. Þá hafi ekki verið höfð uppi riftunarmál á hendur sóknaraðila vegna þeirra innan sex mánaða frests 148. gr. laga nr. 21/1991. Að mati sóknaraðila komast því kröfur á grundvelli ætlaðra úttekta hans af reikningum félagsins ekki að í þessu máli.

Að sögn sóknaraðila nemur fjárhæð kröfu hans 7.000.000 króna. Ljóst sé að skuld varnaraðila við sóknaraðila sé í raun mun hærri, líkt og rakið hafi verið, en sóknaraðili sé bundinn af tilgreiningu sinni á höfuðstól kröfunnar í kröfulýsingu hans frá 16. apríl 2019. Heildarkrafa sóknaraðila sé hins vegar 15.080.409 krónur sem sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Bókfært verðmæti Dísönnu [...]	kr. 7.000.000
Greiðslur vegna endurbóta á Dísönnu [...] árið 2012	kr. 4.854.453
Viðhaldskostnaður vegna Dísönnu [...] árið 2012	kr. 755.404
Greiðslur vegna rekstrarkostnaðar Dísönnu ehf. árið 2012	kr. 663.347
Greiðslur vegna endurbóta á Dísönnu [...] árið 2013	kr. 693.705
Viðhaldskostnaður vegna Dísönnu [...] árið 2013	kr. 347.457
Greiðslur vegna rekstrarkostnaðar Dísönnu ehf. árið 2013	<u>kr. 766.043</u>
Samtals:	kr. 15.080.409

Sé því ljóst að greiðslur sóknaraðila til varnaraðila séu rúmlega tvöföld lýst krafa sóknaraðila í þrotabúið og því séu allar forsendur til að unnt sé að fallast á kröfu hans. Vísar sóknaraðili til þess að verði hluta kröfunnar hafnað þá sé skuld varnaraðila við sóknaraðila svo há að í öllu falli beri að fallast á kröfu hans samkvæmt kröfulýsingu.

Að endingu kveðst sóknaraðili hafna öllum málsástæðum og lagarökum varnaraðila.

Sóknaraðili kveðst skora á varnaraðila um að leggja fram skattframtöl Dísönnu ehf. frá stofnun félagsins fram að gjaldþrotaskiptum. Þá sé skorað á varnaraðila að leggja fram afrit bankareikninga félagsins á sama tímabili.

Varnaraðili kveðst vísa til þess að sóknaraðili hafi ekki gert viðhlítandi grundvöll fyrir fjárkröfu sinni sem lýst hafi verið í bú varnaraðila með kröfulýsingu frá 16. apríl 2019. Varnaraðili telur sóknaraðila alfarið skorta réttindi til að halda uppi almennri kröfu gagnvart varnaraðila að fjárhæð 7.000.000 króna í skilningi 113. gr. laga nr. 21/1991, eins og málið sé vaxið. Þá kveðst varnaraðili byggja á því að sóknaraðili sé með málatilbúnaði sínum kominn út fyrir efni kröfulýsingarinnar sem leiða eigi til þess að hafna beri kröfunni.

Varnaraðili kveðst hafna þeirri skýringu sóknaraðila og telur hana skorta lagarök, að sóknaraðili hafi lagt varnaraðila til fjármuni sem túlka skuli sem lánveitingu með þeim réttaráhrifum sem málatilbúnaður hans byggir á. Málsástæður sóknaraðila byggja á því að hann hafi í fyrsta lagi lagt félaginu til fjármuni í formi bátsins Dísönnu [...]. Í öðru lagi með greiðslum fyrir endurnýjun og viðhald á bátnum og í þriðja lagi í formi beinna peningagreiðslna. Um sé að ræða þrjár mismunandi ráðstafanir sem nauðsynlegt sé að greina á milli og skoða hverja fyrir sig enda kunni þær allar að hafa mismunandi réttaráhrif með tilliti til sjónarmiða gjaldþrotaskiptaréttar, kröfuréttar og einkum fyrningarreglna.

Varnaraðili kveðst byggja á því að engin framangreindra ráðstafana feli í sér lán til handa varnaraðila sem veiti sóknaraðila rétt til endurgreiðslu fjármuna eða viðurkenningar á varakröfu sinni samkvæmt kröfulýsingu. Þá kveðst varnaraðili mótmæla því sem röngu að um sé að ræða bókfærðar skuldir félagsins við sóknaraðila líkt og hann byggir á. Varnaraðili ítreki að engin fyrirbyggjandi gögn séu þeirri málsástæðu sóknaraðila til stuðnings. Þvert á móti bendi eina fyrirbyggjandi skattframtal félagsins til þess að engar skuldir við tengda aðila séu fyrir hendi. Ársreikningur félagsins tilgreini ekki skuldir við eiganda líkt og tíðkast að gera þegar slíkar aðstæður séu uppi. Þá andmæli varnaraðili því sem ósonnuðu að kostnaður við endurbætur á bátnum hafi verið fyrir hendi en jafnframt að sá kostnaður sé jafn umfangsmikill og sóknaraðili byggir á og loks sé því andmælt að hann hafi verið greiddur af sóknaraðila.

Varnaraðili kveðst vísa til 2. mgr. 117. gr. laga nr. 21/1991 sem mæli fyrir um að kröfu, sem lýst sé á hendur þrotabúi, sé tilgreind eins skýrt og verða megi, svo sem fjárhæð hennar í krónum og hverrar stöðu sé krafist að hún njóti í skuldaröð. Í kröfulýsingu skuli

enn fremur greina þær málsástæður sem kröfuhafi byggir rétt sinn á hendur þrotabúinu, svo og önnur atvik sem greina þurfi samhengis vegna. Kröfulýsing hafi þannig verið talin leggja sambærilegan grunn að málatilbúnaði aðila og hafa sömu réttaráhrif og stefna í einkamáli. Sóknaraðili lýsti kröfu í búið að höfuðstól 7.000.000 króna. Það heimildarskjal sem sóknaraðili byggir rétt sinn á sé tryggingabréf sem fylgt hafi kröfulýsingunni. Grundvöllur kröfunnar hafi þá verið frekar styrktur með þeim rökstuðningi að tryggingabréfið stæði „til fullnustu við skuld kröfuhafa vegna kostnaðar við verulegar endurbætur á bátnum.“ Þá sé tekið fram að báturinn hafi síðar verið lagður inn í hið gjaldþrota félag sem hlutafé. Varnaraðili segir annað ekki hafa verið tekið fram um eðli fjárkröfunnar samkvæmt kröfulýsingu. Ekki sé í kröfulýsingunni minnst á lán í formi útlagðs kostnaðar í þágu félagsins og þá enn síður peningagreiðslur. Telur varnaraðili að leysa verði úr kröfunni á þeim grunni.

Varnaraðili álitur að báturinn Dísanna [...] hafi sannarlega virst hafa verið lagður inn í félagið og samhliða þeirri ráðstöfun hafi félagið yfirtekið áhvílandi veðskuld bátsins. Hlutafé félagsins hafi ekki verið hækkað við yfirfærsluna og því sé fyrir hendi ákveðið ósamræmi á milli kröfulýsingarinnar og ársreikninga félagsins. Óumdeilt sé þó að engin peningagreiðsla hafi farið fram á milli aðila við ráðstöfunina en fyrir vikið hafi félagið verið skuldbundið handhafa viðkomandi tryggingabréfs. Handhafi bréfsins á þessum tíma hafi verið sóknaraðili sjálfur. Félagið hafi því orðið skuldbundið honum í reynd, ekki þó á grundvelli láns eða peningaláns, heldur á grundvelli bréfsins.

Að mati varnaraðila verði að líta svo á að jafnvel þótt framangreind ráðstöfun verði talin hafa myndað einhvers konar kröfuréttindi sóknaraðila á hendur varnaraðila, þá séu um að ræða almenna kröfu í skilningi 3. gr. laga nr. 150/2007 sem fyrnist á fjórum árum frá ráðstöfununni. Í því samhengi byggir varnaraðili á því að aldrei geti verið um að ræða réttindi þess eðlis að um þau gildi tíu ára fyrningarfrestur í skilningi 2. mgr. 5. gr. laganna.

Hvað endurbætur á bátnum varði og þá kröfu sem sóknaraðili telji að hafi stofnast vegna meintra fjárútláta hans í þágu félagsins þá kveðst varnaraðili vísa til fyrri umfjöllunar um sama atriði. Í engu sé því lýst í greinargerð sóknaraðila í hverju sá kostnaður eigi að hafa falist. Varnaraðili kveður rétt að tiltaka að um verulegar fjárhæðir eigi að hafa verið um

að ræða. Þá kveðst varnaraðili mótmæla sérstaklega að orðalag hans í málavaxtalýsingu í greinargerð í öðru dómsmáli, máli Héraðsdóms Norðurlands vestra nr. E-151/2020, sé á einhvern hátt skuldbindandi eða takmarkandi fyrir málsástæður varnaraðila í máli þessu. Varnaraðili kveðst benda á að athugasemdir og sjónarmið í greinargerðum séu færð fram eftir því sem tilefni sé til samkvæmt málalíbúnaði gagnaðila. Þá sé rétt að tilgreina að í umræddri greinargerð hafi varnaraðili tiltekið að ekki væru mörg atriði sem athugasemdir væru gerðar við, sem gefi til kynna að þau hafi þó verið einhver, eins og greinargerð varnaraðila í þessu máli beri með sér. Með sömu formerkjum og varðandi eignayfirlýsingu á bátum frá sóknaraðila til félagsins, geti fjárútlát sóknaraðila, í þágu félagsins með greiðslu á endurbótum og viðhaldi, ekki talist til láns eða peningaláns með þeim áhrifum sem sóknaraðili byggir á. Engar fjárgreiðslur hafi farið fram á milli aðila í þessu sambandi endi byggir sóknaraðili á því að hafa persónulega greitt fyrir allt sem viðkomi endurbótum og viðhaldi. Hafi kröfur stofnast á þessum grundvelli séu þær, að mati varnaraðila, sömuleiðis fyrndar samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007.

Til viðbótar við framangreind sjónarmið kveðst varnaraðili byggja á því að jafnvel þótt ætlaðar fjárkröfur sóknaraðila vegna þessa þáttar geti talist vera fyrir hendi, þá falli þær allar utan við efni kröfulýsingar hans í þrotabúið. Samkvæmt efnahagsreikningi félagsins fyrir árið 2011 sé eign félagsins í formi bátsins Dísanna [...] metin til 7.000.000 króna. Sú fjárhæð samsvari umkrafinni fjárhæð samkvæmt kröfulýsingu sóknaraðila, sbr. fjárhæð heimildarskjalsins (tryggingabréfsins). Allar aðrar tilgreindar fjárhæðir ársreikninga félagsins vegna kostnaðar við endurbætur eða viðhald séu umfram þá fjárhæð sem kröfulýsing tilgreini. Þá kveður varnaraðili þær einnig falla utan við þann tíma þegar meint 7 milljóna króna krafa hafi orðið til. Það standist því ekki að umkrafaðar 7 milljónir króna geti náð til ætlaðs viðgerðarkostnaðar vegna bátsins eða fjárgreiðslna sem síðar hafa komið til, það er eftir árið 2011. Varnaraðili segir málalíbúnað sóknaraðila þannig bera með sér að þær kröfur hans séu komnar út fyrir efni kröfulýsingarinnar og komi þannig ekki til álita við úrlausn málsins. Kveður varnaraðili að hafna beri þeim kröfum þegar af þeirri ástæðu.

Varnaraðili kveðst mótmæla því að þær 2.040.000 króna fjárgreiðslur í formi innborgana sóknaraðila á bankareikning varnaraðila á árunum 2012 og 2013 komist að við gjaldþrotaskipti á búi félagsins. Sóknaraðili tiltaki í málavaxtalýsingu sinni að umræddar

greiðslur skuli teljast sem lán til varnaraðila en því sé í engu fylgt eftir eða rökstutt síðar með lagarökum eða málsástæðum. Við það sé sóknaraðili bundinn og verði að túlka sem svo að hann hafi fallið frá þessum hluta kröfunnar, en að öðru leyti telja hana vanreifaða. Samantekt sóknaraðila í greinargerð hans staðfesti í raun þann skilning varnaraðila að umræddar 2.040.000 króna fjárgreiðslur komi ekki til álita við úrlausn málsins, þar sem þær séu ekki að finna þar. Eingöngu sé þar um að ræða 7.000.000 króna verðmæti í formi bátsins Dísönnu [...] ásamt samtals 8.080.409 króna í formi endurbóta, viðhaldskostnaðar og annars rekstrarkostnaðar vegna bátsins á árunum 2012 og 2013. Sóknaraðili nefni þá réttilega að réttindi hans gagnvart þrotabúinu takmarkist af tilgreiningu í kröfulýsingu sem útskýri fjárhæð dómkröfu hans.

Varnaraðili kveðst ítreka áður framkomin sjónarmið og mótmæli varðandi umræddar greiðslur sóknaraðila inn á bankareikning varnaraðila. Þær séu ekki að neinu leyti útskýrðar og þeim finnist enginn staður í ársreikningum eða skattframtölum varnaraðila. Hvergi í gögnum máls megi finna því stoð að um lán til félagsins geti hafa verið að ræða. Varnaraðili kveðst byggja á því að kröfur vegna umræddra greiðslna séu of seint fram komnar, sbr. 118. gr. laga nr. 21/1991 og falli utan við kröfulýsingu sóknaraðila. Sömu sjónarmið eigi þannig við um þessar greiðslur og hinar meintu kröfur sem sóknaraðili telji sig eiga á hendur varnaraðila vegna viðhaldskostnaðar.

Varnaraðili kveðst að lokum byggja á því að jafnvel þótt umræddar fjárgreiðslur geti talist til peningaláns og geti einnig talist komast að við búskiptin eða málsmeðferð þessa dómsmáls, að kröfur sóknaraðila sem byggja á þeim greiðslum séu niður fallnar þar sem þær hafi nú þegar að mestu leyfi verið endurgreiddar sóknaraðila.

IV

Niðurstaða

Ágreiningur máls þessa lýtur að því hvort krafa sóknaraðila sem hann lýsti í þrotabú varnaraðila þann 16. apríl 2019, að fjárhæð 7.000.000 króna fáiast komist að við skiptin og verði viðurkennd sem almenn fjárfrafa í þrotabúið samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Byggir krafa sóknaraðila einkum á því að hann hafi á árinu 2010 lagt félaginu Dísanna ehf., sem nú hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, til umtalsverða fjármuni, einkum í formi bátsins Róbert [...] sem nú ber heitið Dísanna [...], auk ýmissa greiðslna sem sóknaraðili kveðst hafa innt af hendi vegna endurnýjunar og viðhalds bátsins auk beinna peningagreiðslna til félagsins. Lýtur ágreiningur máls þessa öðrum þræði að því hvort fyrrgreind krafa sóknaraðila í þrotabú varnaraðila hafi verið markaður viðhlítandi grundvöllur í kröfulýsingu, en ágreiningur er meðal annars um það hvort líta beri á kröfuna sem fjárkröfu á grundvelli veðtryggingabréfs eða hvort um lán eða endurgjaldskröfu hafi verið að ræða.

Ágreiningslaust er að sóknaraðili lagði bátinn Dísanna [...] inn í félagið, þótt ágreiningur sé með aðilum um ætluð útgjöld sóknaraðila vegna viðhalds og endurnýjunar bátsins sem og aðrar fjárgreiðslur sóknaraðila inn á reikning félagsins. Enn fremur verður ekki annað ráðið en að ágreiningslaust sé með aðilum að ekkert endurgjald hafi verið innt af hendi vegna innlagnar bátsins í félagið.

Efni kröfulýsingar

Samkvæmt 1. mgr. 117. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. skal sá sem halda vill uppi kröfu á hendur þrotabúi, og getur ekki fylgt henni eftir samkvæmt 116. gr. laganna, lýsa henni fyrir skiptastjóra. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að kröfulýsing skuli vera skrifleg og tekið fram í hvers þágu hún sé gerð, svo ekki verði um villst. Í henni skulu kröfur tilteknaðar svo skýrt sem verða má, svo sem fjárhæð kröfu og vaxta í krónum. Þá segir að í kröfulýsingu skuli enn fremur greina þær málsástæður sem kröfuhafi byggi rétt sinn á hendur þrotabúi á, svo og önnur atvik sem þarf að greina samhengis vegna. Þau gögn skulu fylgja kröfulýsingu sem kröfur eru studdar við, sbr. 3. mgr. 117. gr. laganna.

Í kröfulýsingu þeirri sem hér er til úrlausnar er kröfunni, eins og áður greinir, aðallega lýst sem veðkröfu samkvæmt 111. gr. laga nr. 21/1991. Er grundvelli þeirrar kröfu lýst með svofelldum hætti: „Kröfuhafi er eigandi tryggingabréfs sem tryggt er á 1. veðrétti í bátnum. Tryggingabréfið stendur nánar tiltekið til fullnustu skuld [sic] við kröfuhafa vegna kostnaðar við verulega endurbætur á bátnum. Báturinn var síðar lagður inn í hið gjaldþrota félag sem hlutafé. Við stofnun félagsins og eignayfirfærslu á bátnum frá

kröfuhafa til skuldara yfirtók skuldari skuldina skv. veðskuldabréfinu. Er þetta m.a. staðfest í meðfylgjandi ársreikningum skuldara.“ Þá segir í kröfulýsingu að verði ekki fallist á kröfu kröfuhafa sé þess krafist til vara að krafan teljist almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

Af kröfulýsingunni verður því, að mati dómsins, vel ráðið hver sé grundvöllur kröfunnar. Verður að líta svo á að umfjöllun sóknaraðila í kröfulýsingu varðandi ætlaða veðkröfu hafi verið sett fram til stuðnings aðalkröfu sóknaraðila, sem sóknaraðili hefur fallið frá í ljósi afstöðu skiptastjóra. Lýtur ágreiningur máls þessa að varakröfunni. Líkt og að framan er rakið er í kröfulýsingu sérstaklega tekið fram að sóknaraðili hafi lagt umræddan bát inn í félagið og sé í því efni meðal annars vísað til ársreikninga félagsins. Þetta hefur sóknaraðili áréttað í greinargerð sinni í máli þessu, en í framkvæmd hefur verið litið svo á að aðilum sé heimilt að treysta málsgrundvöll sinn við meðferð ágreiningsmáls af þessum toga.

Í því ljósi er það því mat dómsins að málatilbúnaður sóknaraðila fullnægi að þessu leyti áskilnaði 2. mgr. 117. gr. laga nr. 21/1991 um skýran og glöggan málatilbúnað og er því fallist á með sóknaraðila að kröfur hans í máli þessu rúmist innan þeirra marka sem hann hafði uppi í kröfulýsingu.

Tilvist kröfu

Að þessu frágengnu og í ljósi þess að óumdeilt er með málsaðilum að báturinn hafi verið lagður inn í félagið, líkt og staðhæft hefur verið af sóknaraðila og ráða má af ársreikningum félagsins, liggur það fyrir dómnum að taka afstöðu til þess hvort sóknaraðili geti talist eiga kröfu á þrotabúið af þeim sökum, um fjárhæð slíkrar kröfu og þá eftir atvikum hvort sú krafa geti talist lán, endurgjaldskrafa eða hvort hún sé annars eðlis, líkt og vísað hefur verið til af hálfu varnaraðila.

Í fyrirliggjandi ársreikningum félagsins vegna árana 2011-2014 er fyrrgreindur bátur færður félaginu til eignar. Er verðmæti bátsins árið 2011 og 2012 sagt vera 7.000.000 króna. Í ársreikningi vegna ársins 2013 er verðmæti hans sagt vera 11.854.532 krónur og 12.548.237 krónur í ársreikningi vegna rekstrarársins 2014. Þá greinir í ársreikningunum að áhvílandi veðskuld á bátinum sé 7.000.000 króna. Hvorki verður af

ársreikningum né framlögðu skattframtali félagsins beinlínis ráðið að færð hafi verið til skuldar fjárkrafa sóknaraðila á hendur félaginu til samræmis við eignayfurfærslu bátsins.

Í ljósi þess að óumdeilt er að sóknaraðili færði bátinn inn í félagið, líkt og rakið hefur verið, verður að líta svo á að hann hafi við það eignast fjárkröfu á hendur félaginu, sem jafna megi til peningaláns, en að mati dómsins hefur varnaraðili ekki fært fullnægjandi röksemdir fyrir öðru, svo sem að um annars konar fjármögnun hafi verið að ræða eða að báturinn hafi verið lagður inn í félagið sem hlutafé. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. laga um fyrningu nr. 150/2007 fynast kröfur vegna peningaláns á tíu árum. Var fyrningu kröfunnar slitið við móttöku kröfulýsingar í þrotabúíð 17. apríl 2019, sbr. 2. mgr. 18. gr. laganna innan fyrningarfrests 2. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007.

Ágreiningslaust er að engin peningagreiðsla fór fram á milli aðila vegna eignayfurfærslunnar. Er ekki unnt að fallast á þau sjónarmið varnaraðila að við þessa ráðstöfun hafi félagið orðið skuldbundið handhafa veðtryggingabréfs sem gefið var út af sóknaraðila þann 8. apríl 2011 og með því losnað undan almennri fjárskuldbindingu sinni gagnvart sóknaraðila.

Fjárhæð kröfu

Af málatilbúnaði málsaðila verður ekki annað ráðið en að ágreiningslaust sé með þeim að verðmæti bátsins við eignayfurfærsluna árið 2011 hafi verið talið nema sjö milljónum króna, sem er höfuðstóll kröfulýsingar þeirrar sem er til umfjöllunar í málinu. Verður slíkt enda ráðið af fyrirbyggjandi ársreikningum félagsins.

Að framangreindu virtu verður því fallist á kröfur sóknaraðila þess efnis að viðurkennt verði að hann eigi almenna fjárkröfu í þrotabú varnaraðila samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. að fjárhæð 7.000.000 króna.

Með hliðsjón af málsúrslitum verður varnaraðila gert að greiða sóknaraðila málskostnað sem ákveðst hæfilegur 1.240.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts.

Af hálfu sóknaraðila flutti málið Guðmundur Ómar Hafsteinsson lögmaður.

Af hálfu varnaraðila flutti málið Einar Oddur Sigurðsson lögmaður.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan að gættu ákvæði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála

Úrskurðarorð:

Viðurkennd er fjárfrafa sóknaraðila, Davíðs Þórs Ólafssonar, að fjárhæð 7.000.000 króna sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 1.240.000 krónur í málskostnað.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson